

Garðheimar Gróðurvörur ehf.
Stekkjarbakka 6
109 Reykjavík

Akureyri, 4. júlí 2022
UST202205-191/H.Ö.J.
07.07.02

Niðurstaða eftirlits – Plöntuverndarvörur á markaði 2022 - Málslok

Umhverfisstofnun vísar til bréfs stofnunarinnar dags. 20.5.2022 vegna plöntuverndarvara á markaði sem fyrirtækið Garðheimar Gróðurvörur ehf. er ábyrgt fyrir markaðssetningu á.

Fyrirtækið hefur orðið við kröfum Umhverfisstofnunar um úrbætur og gerir stofnunin því ekki frekari athugasemdir, svo framarlega sem vörurnar eru ekki í sölu öðruvísi en í samræmi við úrbætur sem það hefur lagt fram vegna málsins.

Vakin er athygli á því að hér er eingöngu um að ræða eftirlit með plöntuverndarvörum sem féllu undir eftirlitið og á þeim tíma sem eftirlitið fór fram. Hugsanlegt er að aðrar vörur sem Garðheimar Gróðurvörur ehf. setur á markað standist ekki kröfur efnalaga nr. 61/2013 eða reglugerða settra á grundvelli þeirra og þurfi þar af leiðandi lagfæringa við til að uppfylla þær.

Gjald fyrir vinnu sérfræðings vegna eftirlits og beitingar þvingunarúrreða er innheimt í samræmi við gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015 með síðari breytingum. Gefinn verður út reikningur fyrir gjaldinu að fjárhæð kr. 19.000.

Upplýsingar um plöntuverndarvörur má finna á heimasíðu Umhverfisstofnunar¹.

Fyrirtækinu er velkomið að leita til sérfræðings stofnunarinnar Helgu Aspar Jónsdóttur varðandi plöntuverndarvörur í síma 591-2000 eða gegnum netfangið helga.jonsdottir@umhverfisstofnun.is til að fá nánari upplýsingar.

Virðingarfyllst,

Helga Ösp Jónsdóttir,
sérfræðingur

Ísak Sigurjón Bragason,
teymisstjóri

¹ <https://ust.is/atvinnulif/efni/plontuverndarvorur/>